

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Hraðfrystihúsið Gunnvör Álftafirði og Seyðisfirði við Ísafjarðardjúp.



<b>Dags eftirlits</b>	15.5.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hraðfrystihúsið Gunnvör	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Hnífsdalsbryggju	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	630169-2249	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Kristján G. Jóakimsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Barði Ingibjartsson	<b>Staðsetning</b>	319330,844 620949,203

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á því að fara skoðunarferð að kvíastæðum í Álftafirði og Seyðisfirði. Voru kvíar á báðum stöðum. Í fjörðunum voru bæði 90 og 50m kvíar en ekki var fiskur í þeim öllum.

Rekstraraðili hafði boðað til samráðsfundar með UST og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Farið var yfir stöðu fyrirtækisins og framtíðaráform. Rætt var um umsókn rekstraraðila um nýtt starfsleyfi sem hefur verið til afgreiðslu hjá Umhverfisstofnun síðan í lok júní 2012 en beðið er eftir að úrvinnslu ljúki hjá Skipulagsstofnun. Kristján ritaði fundargerð og sendi eftirlitsaðila eftir fundinn.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Farið var yfir botnsýnatöku frá 8. júní 2012. Niðurstöður þeirrar rannsóknar eru komnar og sendir rekstraraðili eintak af þeim niðurstöðum í tölvupósti.

Farið var yfir vöktunarmælingu á næringarefnum og setlu sem Hafrannsóknarstofnun hefur unnið fyrir rekstraraðila. Endurskoðun vöktunaráætlunar verður skoðuð með nýju starfsleyfi.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir komu fram við eftirlit.

## ANNAÐ

Beðið er eftir að nýtt starfsleyfi fái afgreiðslu en þangað til hefur rekstraraðili sótt um 200 tonna leyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands til að hefja eldi á því svæði sem fyrirhugað er að nýja leyfið nái yfir.

Reykjavík, 26.06.2013

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.